

*Lífeyrissjóður  
starfsmanna sveitarfélaga*

*Ársreikningur 1998*

## *Efnisyfirlit*

Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun endurskoðenda .....	3
Efnahagsreikningur 31. desember 1998 .....	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....	5
Sjóðstreymi árið 1998.....	6
Skýringar með ársreikningi.....	7 - 8

## Skýrsla stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga var stofnaður 7. september 1998. Starfsleyfi fjármálaráðuneytisins var útgefið 8. desember 1998. Stofnaðilar sjóðsins eru 51 sveitarfélag og að auki 8 lögaðilar, landshlutasamtök og stofnanir sveitarfélaga. Auk þess öll aðildarfélög Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og 14 aðildarfélög Bandalags háskólamanna.


Meðfylgjandi ársreikningur ber þess merki að starfsemi sjóðsins stóð yfir í mjög stuttan tíma á árinu 1998 og stofnkostnaður í áhöldum, tölvubúnaði o.fl. fellur að stærstum hluta til í ársbyrjun 1999.


Í kjölfar stofnunarinnar var ráðinn til sjóðsins framkvæmdastjóri, en eiginleg starfsemi hófst um miðjan desember þegar sjóðurinn hóf að taka við iðgjöldum. Heildariðgjöld til sjóðsins námu 59,3 millj. króna á árinu. Í árslok nemur hrein eign til greiðslu lífeyris 56,4 millj. króna. Fjárfesting sjóðsins er bundin í innlendum verðbréfum og engin lán til sjóðfélaga voru veitt á árinu.


Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning þennan með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. júní 1999


Stjórn:


  
Karl Björnsson, stjórnarformaður

  
Elín Björg Jónsdóttir


  
Helga Jónsdóttir

  
Björk Vilhemsdóttir

  
Gunnar Rafn Sigurbjörnsson

  
Sjöfn Ingólfsdóttir

Framkvæmdastjóri

  
Jón G. Kristjánsson

## Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga fyrir árið 1998. Ársreikningurinn hefur að geyma efnahagsreikning 31. desember 1998, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris á árinu 1998, yfirlit um sjóðstreymi ásamt skýringum. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnar sjóðsins og lagður fram í samræmi við starfsskyldur þeirra. Okkur ber að láta í ljós álit á ársreikningnum og byggja það á endurskoðun okkar

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fái um að ársreikningurinn sé án annmarka sem máli skipta. Endurskoðun felst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar í ársreikningi og einnig athugun á þeim reikningsskila- og matsreglum, sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi fengist nægilega traustar upplýsingar til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris á árinu 1998, efnahag hans 31. desember 1998 og breytingum á fjárhagslegri skipan, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Kópavogi, 11. júní 1999.

Löggiltir Endurskoðendur hf. fltr.  
ANDERSEN WORLDWIDE SC

  
Guðmundur Frimannsson,  
löggiltur endurskoðandi

## Efnahagsreikningur 31. desember 1998

<i>Eignir</i>		Skýr.	1998
<i>Fjárfestingar</i>			
Verðbréf með breytilegum vöxtum.....	3		<u>17.084.044</u>
		<i>Fjárfestingar alls</i>	<u>17.084.044</u>
<i>Kröfur</i>			
Kröfur á launagreiðendur.....	4		<u>31.946.354</u>
		<i>Kröfur alls</i>	<u>31.946.354</u>
<i>Aðrar eignir</i>			
Rekstrarfjármunir.....	5,8		<u>1.488.725</u>
Sjóður og bankainnstæður.....			<u>6.743.890</u>
		<i>Aðrar eignir alls</i>	<u>8.232.615</u>
<i>Fyrirframgreiddur kostnaður</i>			
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	6		<u>1.090.564</u>
		<i>Fyrirframgreiddur kostnaður alls</i>	<u>1.090.564</u>
		<i>Eignir alls</i>	<u>58.353.577</u>
<i>Skuldir</i>			
Ýmsar skuldir.....	7		<u>1.906.731</u>
		<i>Skuldir alls</i>	<u>1.906.731</u>
<i>Hrein eign til greiðslu lífeyris</i> .....			<u>56.446.846</u>

## Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris

	Skýr.	1998
<b>Iðgjöld</b>		
Iðgjöld sjóðsfélaga .....		17.092.291
Iðgjöld launagreiðenda .....		42.206.003
	<i>Iðgjöld alls</i>	<u>59.298.294</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>		
Vaxtatekjur og verðbætur .....	9	156.933
Reiknuð áhrif verðlagsbreytinga .....	2	(18.888)
	<i>Fjárfestingartekjur alls</i>	<u>138.045</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		3.005.139
	<i>Rekstrarkostnaður alls</i>	<u>3.005.139</u>
<i>Hækkun á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir matsbreytingar</i> .....		<u>56.431.200</u>
<b>Matsbreytingar</b>		
Reiknuð áhrif verðlagsbreytinga og endurmat fastafjármuna .....	2,8	15.646
	<i>Matsbreytingar alls</i>	<u>15.646</u>
<i>Hækkun á hreinni eign á árinu</i> .....		56.446.846
<i>Hrein eign í upphafi árs</i> .....		<u>0</u>
<i>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</i> .....		<u>56.446.846</u>

## Sjóðstreymi árið 1998

	Skýr.	1998
<b>Inngreiðslur</b>		
Iðgjöld.....		27.351.940
Fjárfestingatekjur.....		<u>72.889</u>
		<u>27.424.829</u>
<b>Útgreiðslur</b>		
Rekstrarkostnaður án afskrifta.....		1.098.408
Aðrar útgreiðslur.....		<u>2.582.531</u>
		<u>3.680.939</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu.....		<u>23.743.890</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>		
Kaup á verðtryggðum skuldabréfum.....		<u>(17.000.000)</u>
		<u>(17.000.000)</u>
Hækkun á handbæru fé.....		6.743.890
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>0</u>
Handbært fé í árslok.....		<u>6.743.890</u>

# Skýringar

## Stofnun og ráðning framkvæmdastjóra

- Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga var stofnaður í september 1998. Í kjölfarið var ráðinn framkvæmdastjóri, til að annast undirbúningsvinnu að starfsemi hans og hófst starfsemin í desember 1998.

## Reikningskilaaðferðir

### 1. Framsetning og samræmi

Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða, sem settar eru af Bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og tóku gildi í október 1997.

Starfsemi lífeyrissjóðsins hófst í desember 1998 og frá þeim tíma hefur sjóðurinn tekið við framlögum launagreiðenda frá 1. júlí 1998. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að teknu tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga.

### 2. Áhrif almennra verðlagsbreytinga

Við gerð ársreikningsins er tekið tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á afkomu og efnahag sjóðsins. Þannig er yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris ætlað að sýna aukningu hreinnar eignar umfram verðbólgu á meðalverðlagi en fjárhæðir í efnahagsreikningi eru á verðlagi í lok ársins. Miðað er við breytingar á vísitölu neysluverðs í desember, en hún lækkaði um 0,22% á starfstímabilinu. Er eftirfarandi aðferðum beitt:

- Áhrif almennra verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir, eins og þær voru í byrjun starfstímabilsins og breytingu þeirra á tímabilinu, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Samkvæmt þessum útreikningi nema reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga kr. 18.888 og er sú fjárhæð færð til frádráttar fjárfestingartekjum.
- Varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra til ársloka 1998 en þar sem starfsemi sjóðsins hófst ekki fyrr en í desember eru ekki reiknaðar afskriftir á starfstímabilinu. Endurmatsbreytingin er mótbókuð meðal matsbreytinga í yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris.
- Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar upp miðað við verðlag í lok reikningsárs og áfallnar verðbætur og gengismunur er færður meðal fjárfestingatekna í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

### 3. Fjárfestingar

- Verðtryggðar langtímakröfur eru færðar til eignar með áföllnum verðbótum miðað við vísitölur sem tóku gildi 1.1.1999. Í eigu sjóðsins eru í árslok eingöngu verðbréf með breytilegum vöxtum.

### 4. Kröfur

- Kröfur á launagreiðendur nema í árslok 31,9 millj. króna samkvæmt efnahagsreikningi. Byggt er á innsendum skilagreinum fram til 1. júní 1998.

### 5. Rekstrarfjármunir

- Engar afskriftir eru reiknaðar af varanlegum rekstrarfjármunum á árinu, þar sem starfsemi sjóðsins hófst ekki fyrr en í desember.

### 6. Fyrirframgreiddur kostnaður

- Eignfærður er kostnaður við ýmsa kynningarstarfsemi sjóðsins, sem ekki fór af stað fyrr en í ársbyrjun 1999.



# Skýringar, frh.

## 7. Skuldir

- Í árslok er ógreiddur rekstrar- og stofnkostnaður færður meðal skulda.

## Rekstrarfjármunir

### 8. Rekstrarfjármunir og endurmat þeirra greinast þannig:

	Tölvu- og skrifst.búnaður	Stofn- kostnaður	Samtals
Keypt á árinu.....	1.235.111	256.856	1.491.967
Endurmat ársins.....	(2.684)	(558)	(3.242)
<b>Bókfært verð 31/12 .....</b>	<b>1.232.427</b>	<b>256.298</b>	<b>1.488.725</b>

- Engar afskriftir eru færðar á árinu, þar sem starfsemi sjóðsins hófst ekki fyrr en í desember.

## Fjárfestingartekjur

### 9. Vaxtatekjur og verðbætur sundurliðast þannig:

Af verðtryggðum innlendum skuldabréfum.....	84.044
Af bankainnstæðum .....	72.889
	<u>156.933</u>

## Fjárfestingar

### 10. Innland skuldabréf með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok og breyting þeirra á árinu greinist þannig:

	Keypt og áfallnir vextir og verðbætur	Bókfært verð 31.12.1998
Skuldabréf banka .....	10.508.139	10.508.139
Markaðsskuldabréf .....	6.575.905	6.575.905
<b>Bókfærð eign 31/12.....</b>	<b>17.084.044</b>	<b>17.084.044</b>

## Önnur mál

### 11. Starfsmenn og starfsmannakostnaður

- Eins og áður hefur komið fram var sjóðurinn stofnaður í september og hófst starfsemi hans í desember 1998. Í árslok voru tveir starfsmenn starfandi hjá sjóðnum. Heildarfjárhæð launa frá stofnun sjóðsins til ársloka nam kr. 2.463.799 og launatengd gjöld námu kr. 372.001. Þar af námu stjórnarlaun kr. 795.000 og launatengd gjöld vegna þeirra kr. 92.195.

### 12. Tryggingafræðileg úttekt

- Það er mat tryggingastærðfræðings sjóðsins að tryggingafræðilegar úttektir yrðu vart marktækar fyrir þann stutta tíma sem leið frá upphafi starfs sjóðsins til ársloka og leggur til að fyrsta úttekt sjóðsins verði framkvæmd miðað við stöðu í árslok 1999.